

4. stjórnarfundur Leiknar þriðjudaginn 6. desember 2005 kl. 10:00.

Mætt: Birna Gunnlaugsdóttir, Emil Björnsson, Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Smári Haraldsson, formaður.

1. Aðalfundur EAEA haldinn í Lillehammer 20. nóvember 2005

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir sótti fundinn fyrir hönd Leiknar. Í upphafi fundar var Leikn samþykkt sem fulltrúi Íslands (ordinary member) í samtökin. ásamt 16 öðrum fullorðinsfræðsluaðilum. Fleiri aðilar geta gerst meðlimir frá Íslandi, en þeir myndu verða viðbótar meðlimir (associate member). Til dæmis voru teknir inn í EAEA tveir aðilar frá Póllandi og tveir aðilar frá Ítalíu, sem allir eru viðbótar meðlimir.

Að lokinni inntöku nýrra meðlima hófust regluleg aðalfundarstörf. Skýrsla formanns var flutt á formi kvikmyndar, sem er mjög nýstárleg leið til skýrslugerðar. Var gerður góður rómur að skýrslunni. Reikningar voru yfirfarnir og samþykktir, svo og skýrsla endurskoðenda. Fjárhagur samtakanna er knappur, en reksturinn í lagi.

Umfangsmiklar lagabreytingar voru gerðar einkum með það í huga að færa lög EAEA til nútímans og gera hlutverk fulltrúa og viðbótar meðlima skýrara.

Fjallað var um lykiláherslur árána 2006-08 með hópvinnu þriggja hópa. Í þeim hópi sem Ingibjörg Elsa tók þátt var mikil áhersla lögð á að fá háskólafolk til að finna og tilreiða rök fyrir gagnsemi óformlegs náms fullorðinna. Nefndir voru til sögunnar tveir háskólar, annars vegar í Linköping í Svíþjóð og hins vegar DPU í Danmörku, sem hefðu sérstaklega sinnt rannsóknnum á þessu sviði. Niðurstöður hópanna verða settar á vefinn eaea.org. Loks var fjallað um fjárhagsáætlun næsta árs.

Fundinum lauk um hádegisbilið á sunnudeginum, en hann var síðastur í röð fjögurra viðburða, ráðstefnu baltneskra og norrænna landa um mat á raunfærni “Validation of learning” Baltic-Nordic seminar in Lillehammer 17-18 nóv. 2005, Ráðstefnu á vegum EAEA um mat á námi “Valuing Learning”, EAEA conference in Lillehammer 18-19. nóv. Og loks var afhending Grundtvig Award í Menningarhúsinu Banken í Lillehammer þann 19. nóv.. Þessi 5 daga samkoma endaði á aðalfundi EAEA áður en menn héldu heim á leið. Gögn varðandi aðalfundinn eru varðveitt hjá ritara.

2. Lógó Leiknar

Stjórnarmenn skoðuðu alls 11 tillögur af auðkennum/lógóum fyrir Leikn, sem starfsmenn FA og Mímirs unnu. Ákveðið var að biðja um frekari útfærslur á tveimur þeirra.

3. Erlendar þýðingar á nafni samtakanna og samþykkt þeirra.

Huldu var falið að kanna heppilegasta þýðingu á heiti samtakanna á ensku. Samdóma álit var að ekki lægi á að þýða samþykkt samtakanna fyrr en í fyrsta lagi eftir aðalfundinn.

4. **Nýr stofnaðili** samtakanna er Menntasmiðja kvenna á Akureyri.

5. Aðalfundur Leiknar 2006.

Stefnt er að aðalfundi samtakanna fyrri hlutann í maí. Rætt var um hugsanlega fyrirlesara þá, umræður um áherslur í starfi samtakanna o.fl. Ákvörðunum restað til næta fundar.

Önnur mál:

6. Emil vakti máls á sambandi háskólastigsins og fullorðinsfræðslu og þá leiðu staðreynd að minna væri nú um að aldur og reynsla væri metin sem ígildi stúdentspróf en hefði verið um skeið enda ekki lagaleg skylda skólanna að gera það.
7. Hulda ræddi að hún hefur orðið vör við að þáttakendur á námskeiðum gera í auknum mæli kröfu um að námskeiðspakkar séu metnir til eininga á framhaldsskólastigi. Hún varpaði fram þeirri spurningu hvort Leikn væri vettvangur til þess að taka upp það málefni og ræða hversu æskileg eða óæskileg sú þróun er. Ingibjörg Elsa sagði frá því að í Evrópu séu sumir frekar andvígir því að meta óformlegt nám til eininga í formlega menntakerfinu en umræðan er alveg tvískipt. Birna benti á að sitthvað væri að meta raunfærni til eininga og annað að meta hana til eininga samkvæmt stöðlum formlega menntakerfisins og taldi hið fyrrnefnda æskilegri leið og að FA fylgdi henni.
8. Rætt að eðlilegt væri að Leikn fengi til umfjöllunar þær þingsályktunartillögur um menntamál fullorðinna sem væru í smíðum á hverjum tíma.
9. Hulda benti á að til að auðvelda upprifjun á starfsemi samtakanna frá degi til dags væri gott að skrifa verkefnalista í lok hverrar fundargerðar.
10. Samþykkt að senda aðildarfélögum fundargerðir ársins.

Verkefni framundan:

- Ákveðið var að biðja um frekari útfærslur á tveimur hugmyndum af auðkenni / lógói fyrir Leikn.
- Huldu var falið að kanna heppilega þýðingu á ensku á heiti samtakanna.
- Hugmyndir að fyrirlesara á aðalfundi samtakanna.
- Senda aðildarfélögum fundargerðir.

Fundi slitið kl. 11:30

Birna Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð